

Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2025

Efni: Fréttaumfjöllun af uppsögnum starfsmanna sláturhúss SAH afurða

Vísað er til bréfs Samkeppniseftirlitsins (SKE) dags. 4. mars 2025 og fyrri samskipta sem varða með einum eða öðrum hætti lög nr. 30/2024 um breytingar á búvörulögum nr. 99/1993. Í bréfi SKE er fjallað um tiltekna fréttatilkynningu Kjarnafæðis Norðlenska hf. (KN) sem er alfarið í eigu Kaupfélags Skagfirðinga svf. (KS). Virðist það skoðun SKE að alvarleg lögprot hafi verið framin af ásetningi miðað við framsetningu bréfsins.

Rekur SKE í bréfinu það sem kom fram í bréfi stofnunarinnar dags. 19. nóvember 2024 og svo í svari KS dags. 24. nóvember 2024. Í framhaldi af þeim bréfum gerði KS þær ráðstafanir sem óskað var eftir, að slíta á milli stjórnunar af hálfu KS og KN. Aðalstjórnarmenn fyrir þann tíma voru þrír, tveir á vegum KS og einn hlutlaus úr viðskiptalífinu. Stjórnarmenn KS drógu sig alfarið í hlé. Hafa þeir ekki haft afskipti af KN síðan. Þriðji aðalstjórnarmaðurinn hélt áfram störfum og nýr varamaður var skipaður, óháður KS. Til að árétta óhæði hans, þá þekkti KS ekki til viðkomandi, hafði aldrei haft við hann samskipti og hefur ekki enn.

Því finnst umbj. okkar með ólíkindum bréf SKE frá 4. mars 2025, þar sem SKE hafði hvað KS best veit ekki haft uppi neina tilburði til að afla sér réttra upplýsinga um málið áður en bréfið var sent og síðan birt á heimasíðu stofnunarinnar. Felur bréfið í sér hótanir í garð umbj. okkar, sem eru með ólíkindum og óraunhæft fyrir umbj. okkar að sitja undir.

Hlýtur þetta að vekja upp spurningar um samskipti opinberra aðila við fyrirtæki og einstaklinga meðal annars með tilliti til meðalhófs, réttmætis opinberra gagna og vandaðra stjórnsýsluhátta. Liggur beinast við að þau mál verði skoðuð nánar.

Að sjálfu sér leiðir að KS óskar þess að bréf þetta verði birt á heimasíðu SKE með sambærilegum hætti og bréf stofnunarinnar dags. 4. mars til að málinu sé haldið í samhengi.

Kaupfélag Skagfirðinga ítrekar að það er að sjálfsgöðu hvenær sem er tilbúið að eiga eðlileg samskipti við SKE um jákvæðan framgang þessa máls á grundvelli staðreynda.

Virðingarfyllst,
f.h. Kaupfélags Skagfirðinga svf.

Snorri Stefánsson, lögmaður

Samrit sent á stjórn og forstjóra